

# Tónlistarsafn Íslands – tilurð og þróun 2009-2015

## Efni

6 sýningar um íslenskt tónlistarlíf	1
Viðtöl um tónlistarlífið við eldri tónlistarmenn og almenning	2
Ísmús gagnagrunnurinn og uppbygging hans	2
Orgel í Íslenskum kirkjum	3
Íslensk tónmenning í Vesturheimi	3
Íslenskar tónleikaskrár frá upphafi	3
Viðtökustofnun tónminja	3
Tónlistarsafn og samfélagið	4

-----  
Þegar Tónlistarsafn Íslands hóf starfsemi í ársbyrjun 2009 færðu Bjarki Sveinbjörnsson og Jón Hrólfur Sigurjónsson öll sín göng, tækjabúnað, verkefni, menntun, eldmód og reynslu til safnsins gegn því að fá báðir að vinn áfram að þessum hugðarefnum sínum.

Tónlistarsafn opnaði með sýningu 11. maí 2009. Hér neðar eru listuð nokkur helstu verkefni safnsins frá þeim tíma:

## 6 sýningar um íslenskt tónlistarlíf

1. Dropar úr íslensku tónlistarlífi
  - 9. maí - 9. september 2009
2. Heilbrigð æska: Pönkið og Kópavogurinn 1978 -1983
  - 19. september 2009 - desember 2009
3. Íslenskir blús- og jazz gítarar
  - 3. - 17. nóvember 2009 - í samvinnu við Molann
4. Fúsi á ýmsa vegur - sýning í tilefni að 90 ára fæðingarársmælis Sigfúsar
  - 8. maí 2010 - desember 2010. Þessa sýningu settum við upp síðar í:
    - Tónlistarskólanum á Akureyri – 3. febrúar - 19. október 2011
    - Tónlistarskólanum á Ísafirði – 21. október 2011 - 10. mars 2012
    - Tónlistarskólanum á Akranesi – 24. október 2012 - 6. desember 2012.
    - Tjarnarborg í Ólafsfirði - haustið 2013. Dagskrá tengd sýningunni: kórsöngur og söngskemmtun með Guðmundi Ólafssyni
5. Sveinbjörn Sveinbjörnsson - fyrsta tónskáld Íslendinga
  - 12. mars 2011 - október 2012. Settum þessa sýningu upp í:
    - Tónlistarskólanum á Akureyri – 20. október 2012 - 10. maí 2013.
    - Tjarnarborg í Ólafsfirði - 17. júní - 18. september 2013...
6. Dans á eftir - dansmenning á Íslandi frá öndverðu
  - 21. júní 2013 -

Yfirlitssýning um íslenska tónlistarsögu, í samstarfi við Búa Kristjánsson myndlistarmann og hönnuð, var í undirbúningi sem 7. sýning safnsins þegar tilskipun kom frá bænum um að sýningarhald á vegum Tónlistarsafns yrði aflagt. Fengist hafði til verksins 1.5 miljónir úr Safnasjóði.

## Viðtöl um tónlistarlífið við eldri tónlistarmenn og almenning

Á árunum 2003 til 2008 unnu undirritaðir í sjálfböðavinnu við að yfirfæra allt hljóðritasafn Árnastofnunar af segulbandsspólum yfir á tölvu (ríflega 2.000 klst.). Þarna er rætt við um 2.000 Íslendinga alls staðar af landinu (einnig rætt við Vestur-Íslendinga) um menningu, mannlíf, lífið og tilveruna. Viðmælendur þessir voru flestir fæddir um og eftir aldamótin 1900. Þessi hljóðrit má nú öll nálgast í Ísmús gagnarunninum sem meðal annars var sérstaklega hannaður til að halda utan um og birta þetta efni. Styrkur fékkst til verksins frá Fjárlaganefnd Alþingis og var hann nýttur til útlagðs kostnaðar eins og forritun, tækjakaupum og aðkeyptri þjónustu. Við vorum aldri á launum við verkið.

Bjarki Sveinbjörnsson hefur nokkur undanfarin ár aflað styrkja til hliðstæðrar vinnu þar sem rætt er við fólk fætt um og eftir 1930. Um er að ræða video-viðtöl. Úrdráttur er skráður og þannig hægt að leita í efni viðtalsins. Þá er hægt að stökkva inn í viðtalið í þau efnispætti þess sem hlustandi kann að hafa sérstakan áhuga fyrir. Um 200 viðtöl af þessu tagi hafa þegar verið tekin og hluti þeirra gerður aðgengilegur í Ísmús.

Hér eru tvö áhugaverð dæmi um hvernig þessi viðtöl birtast í Ísmús (smella á nafn):

- [Eyþór Þorláksson](#)
- [Sigurður Hallmarsson](#)

## Ísmús gagnagrunnurinn og uppbygging hans

Saga verkefnisins nær aftur til ársins 1995. Um er að ræða gagnagrunn sem heldur utan um gríðarlegt magn upplýsinga um íslenska menningu. Gögnin (skráningar í grunninn) eru vensluð þannig að bæði má flokka þau saman í afmörkuð verkefni en líka gefa ítarlega mynd af einstökum færslum. Á forsiðu eru listuð nokkur verkefni: Handrit og prent, Þjóðfræðisafn, Fólk, Þjóðlögin, Minningar frá 20. öld. Líka má nálgast efnið undir efnisflokkum: einstaklingar, hljómsveitir (hópar), hljóðfæraleikarar eða starfsheiti (Stöður og störf undir Efnisyfirlit; 436 starfsheiti skráð nú). Fullyrða má að hvergi sé aðgengilegur jafn umfangsmikill grunnur um íslenska menningu.

Undirritaðir lögðu verkefnið með sér til Tónlistarsafns gegn því að fá að þróa það áfram. Stofnun Árna Magnússonar hefur verið virkur samstarfsaðili um verkefnið.

Á forsiðu Ísmúss má fræðast um verkefnið og umfang þess; sérstaklega undir yfirskriftunum Efnisyfirlit og Um Ísmús.

Upphaflega var Ísmús hugsaður til utanumhalds og birtingar handrita í söfnum landsins sem innihalda nótur. Undirritaðir öfluðu styrkja, fyrir og um aldamótin 2000, til að greiða ljósmyndara Landsbókasafns fyrir að ljósmynda þessi handrit. Flest handriti af þessum toga í söfnum landsins eru nú aðgengileg í Ísmús - dæmi:

- [Kvæðabók séra Ólafs Jónssonar á Söndum](#)
- [Þorlákstíðir](#)

Einstaklingar sem tengjast Ísmús-verkefnum eru sérstaklega skráði og lágmarksupplýsingar um þá færðar inn: fæðingar- og dánardægur, uppruni, starfsheiti, knappt áviágrip, svo dæmi séu tekin. Með þessum hætti hafa nú verið skráðir 8.000 einstaklingar. Þegar við bætist skráning hópa (t.d. hljómsveita og kóra) er hér kominn ítarlegasta og umfangsmesti gagnagrunnur um íslenska tónmenningu sem gerður hefur verið.

Á árunum 2003 til 2008 bættust svo við Ísmús þjóðfræðahljóðritanir Árnastofnunar eins og að ofan greinir. Grunnurinn hefur líka og verið útvíkkaður til að halda utan um verkefni á bort við: Orgel í íslenskum kirkjum og þjóðlagaarfinn.

## Orgel í íslenskum kirkjum

Haustið 2006 hófu undirritaðir að skrá orgel í íslenskum kirkjum. Kveikjan var útgáfa mikillar bókaðar um friðaðar íslenskar kirkjur. Við tókum eftir að ekkert var þar minnst á hljóðfæri kirknanna eða þátt tónlistar í safnaðarstarfi. Nú hafa undirritaðir farið í allar kirkjur landsins að frátöldum nokkrum á höfuðborgarsvæðinu þar sem eftir er að hljóðrita orgelin. Kirkjurnar hafa verið myndaðar að innan sem utan, orgelið skráð og eitt lag leikið á það inn á myndband. Síðan er meiningin að skrá þau 2-3 orgel sem áður hafa verið í hverri kirkju, organista, forsöngvara og kóra og yfirleitt gera grein fyrir tónlistarlífi hvernar kirkju eftir því sem mögulegt er.

Vinnu við þetta verkefni er langt í frá lokið; til dæmis á eftir að skrá mörg hljóðfæri, organista, forsöngvara og tónlistarfólk. Það sem þegar er skráð, m.a. 460 kirkjur, bænahús og kapellur, er að stærstum hluta þegar aðgengilegt í Ísmús. Verkinu hafa líka áhugamenn ýmsir lagt lið í sjálfboðavinnu við skráningar líkt og skráningu presta við einstakar kirkjur allt aftur til miðalda. Verkefnið hefur að lang stærstum hluta verið kostað af styrkjum sem undirrituðum tókst að afla.

- [Akraneskirkja](#) - dæmi um nokkuð vel skráða kirkju
- [Heimildarmynd um Tónlistarsafn](#) - gefur ágæta mynd af orgelverkefninu

## Íslensk tónmenning í Vesturheimi

Upp úr 2000 fengu undirritaðir brennandi áhuga á tónmenningu Vestur-Íslendinga og hafa síðan farið 8 ferðir vestur, saman eða sitt í hvoru lagi, til fyrirlestrahalds og gagnaöflunar. Þetta verkefni hefur skilað tengslum vestur og líka mikilvægum gögnum; meðal annars frá afkomendum Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, höfundar þjóðsöngsins. Í október sl. fór Bjarki til að mynda vestur til Calgary til að sækja 10 olíumálverk - portretmyndir af fjölskyldunni - sem ánöfnuð höfðu verið Tónlistarsafni af Eleanor, dóttur-dóttur Sveinbjörns. Verkin, sem flest eru máluð um og fyrir aldamótin 1900, ætluðum við að sýna á væntanlegri yfirlitssýningu um tónlistarsöguna. Að sýningu lokinni áttu verkin að fara til varanlegrar varðveislu á Listasafn Íslands eða annan þann stað sem heppilegastur þætti.

## Íslenskar tónleikaskrár frá upphafi

Við höfum lengi litið á íslenskar tónleikaskrár sem eins konar slóða um tónmenningu þjóðarinnar. Þar má finna upplýsingar um alla þá staði þar sem tónlist ver flutt, flytjendur, laga- og textahöfunda, verkheiti og tegund flytjenda. Undirritaðir hafa í gegnum tíðina safnað tónleikaskrár í þúsundavís. Einnig hefur Landsbókasafn mynda fyrir okkur nokkur þúsund síður af tónleikaskrár aftur til loka 19. aldar. Meiningin er skrá og birta þetta efni í Ísmús.

Skráning þessa efnis er hafin, meðal annars hefur fengist ókeypis starfskraftur með samningi við Fangelsismálastofnun.

## Viðtökustofnun tónminja

Þróunin hefur orði sú að Tónlistarsafn hefur orðið sá staður sem fólk, stofnanir og jafnvel fyrirtæki treystir fyrir tónlistarsögunni. Nær vikulega koma í safnið einstaklingar með gripi og gögn sem það telur mögulega merkilega fyrir íslenska tónlistarsögu: hljóðfæri, handrit, ljósmyndir, hljóðrit og skjöl sem það treystir safninu til að meta, skrá og varðveita. Í sumum

tilfellum er um dýrgripi að ræða (flygill Árna Kristjánssonar, ferðaorgel Jóns Leifs, göng tengd Sveinbirni Sveinbjörnssyni, fyrsta selló Erlings Blöndal Bengtssonar - sérsmíðað fyrir hann fjögurra ára).

Pegar Tónlistarsaga Íslands var leyst upp eftir nærri 25 ára starf að ritun íslenskrar tónlistarsögu fól mennta- og menningarmálaráðuneytið Tónlistarsafni að ganga frá bók þeirri um tónlistarsöguna sem Jón Þórarinsson hafið unnið að. Einnig vildi ráðuneytið að gögn þau sem Jón Þórarinsson hafði viðað að sér við skrif sögunnar rynnu til Tónlistarsafns Íslands. Tónlistarskólinn í Reykjavík hefur fært Tónlistarsafni mikið af gögnum varðandi skólann og einnig gögn um Tónlistarfélagið. Tónlistarskóli FÍ H hefur beint til safnsins gögnum varðandi tónlistarmenn og einnig varðandi Jazzhátíð í Reykjavík. Tónverkamiðstöð hefur sömu leiðis borði gögn til Tónlistarsafns. Jafnvel hefur útvarpsstöðin Bylgjan fært til safnsins tvö bretti af hljóðritum og öðrum gögnum frá upphafsárum stöðvarinnar sem annars hefði verið fargað.

Í ljósi þess sem hér hefur lauslega verið tíundað má ljóst vera að Tónlistarsafn Íslands sinnir hlutverki sem ekki má umgangast af léttúð.

### **Tónlistarsafn og samfélagið**

Tónlistarsafn hefur í vaxandi mæli byggt upp samstarf og samvinnu við skólakerfið, söfn, stofnanir og samtök almennings. Leik og grunnskólanemendur koma reglulega í safnið og fá kynningar er tengjast íslenskri tónlistarsögu. Háskólanemar hafa unnið smærri og stærri verkefni í samtarfi við safnið, beint og óbeint samstarf við söfn landsins, stór og smá er vaxandi og bein samvinna á sér stað milli Tónlistarsafns og stofnana eins og Ríkisútvarpsins, Landsbókasafns og Árnastofnunar. Almennungur treystir Tónlistarsafni í vaxandi mæli fyrir gripum og gögnum eins og áður er lýst og félagasamtök af ýmsu tagi hafa þegir fyrirlestra af starfsmönnum Tónlistarsafns eða á annan hátt nýtt sér þá sérfræðipækkingu safnsins. Tónlistarsafn hefur og tekið virkan þátt í Tónlistarhátíð unga fólksins sem haldin er árlega í ágúst, Skapandi sumarstörfum ungmenn í Kópavogi og nú síðast kvikmyndahátíðinni RIFF (Reykjavik International Film Festival). Loks má nefna ýmsar hugmyndir og vangaveltur um aðkomu Tónlistarsafns Íslands að viðburðum á borð við Jazzhátíð Reykjavíkur, Iceland Airwaves og Listahátíð í Reykjavík.

Kópavogur 16. nóvember 2015

Dr. Bjarki Sveinbjörnsson, forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands  
Dr. Jón Hrólfur Sigurjónsson, sérfræðingur á Tónlistarsafni Íslands